

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á viðaukaskipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð 138
 Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandat- 25. júlí
 um af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. júlí 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi.

Samkvæmt samþykkt og ósk kvenfélagsins „Liknarhöndin“ er hér með gerð þessi viðbótarskipun um meðferð Minningarsjóðs Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi og breytist að því leyti skipulagsskrá sjóðs þessa, er staðfest var 21. júní 1928, sbr. Stjórnartíðindi 1928, B-deild nr. 54.

1. gr.

Styrktarfé því, sem úthlutað er úr sjóðnum, skal ávallt skipt í tvo jafna hluta. Skal annar hlutinn ganga til styrktarstarfsemi samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar frá 21. júní 1928 í Borgarhreppi, en hinn hlutinn til sams konar styrktarstarfsemi í Borgarneshreppi. Sé eitthvert ár úthlutað hærri styrk í öðrum hreppum en hinum, skal þeim hreppi, er minna fær það árið, geymdur sinn hluti til úthlutunar síðar, svo að fullur jöfnuður náist milli hreppanna.

Guðrún Pétursdóttir,
formaður.

Elínborg I. Sigurðardóttir,
gjaldkeri.

Hólmfríður Erlendsdóttir,
ritari.

Stjórn Jórunnarsjóðsins.

Ragnhildur Erlendsdóttir,
formaður.

Elínborg I. Sigurðardóttir,
meðstjórnendur.

Guðfríður Jóhannesdóttir,
meðstjórnendur.

REGLUGERÐ

um sjóváttryggingu afla og veiðarfæra.

139

5. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 38 27. júní 1941 um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Vélbátaábyrgðarfélögum er heimilt að váttryggja afla og veiðarfæri á þeim skipum, sem þau hafa í sjóváttryggingu.

2. gr.

Sá, sem beiðist váttryggingar á afla og veiðarfærum, öðruhvoru eða hvorutveggja, skal gera það skriflega. Beiðninni skal fylgja nákvæm skrá yfir hluti þá, sem beiðst er váttryggingar á, og skal verðleggja hvað fyrir sig, svo sem fiskilínur, dragnætur, botnvörpur, herpinætur, niðristöður og upphöld, nótabáta, spil, bjóð o. s. frv. Afli skal einnig tryggður fyrir tilgreinda upphæð.